

Nr. 76

7. desember 2022

AUGLÝSING

**um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna
um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.**

Hinn 8. október 2007 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna samnings um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sem gerður var í Brussel 1. febrúar 2007, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993 þar sem samningurinn frá 2. maí 1992 er birtur.

Breytingin öðlaðist gildi 8. október 2007 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningu kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

**UM BREYTINGU Á BÓKUN 4 VIÐ SAMNINGINN MILLI EFTA-RÍKJANNA
UM STOFNUN EFTIRLITSSTOFNUNAR OG DÓMSTÓLS**

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN OG

KONUNGSRÍKIÐ NORREGUR

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingar á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem nefnist hér á eftir samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 um niðurfellingu reglugerðar (EBC) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálands gagnvart flutningum á sjó og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1/2003 að því er varðar rýmkun á gildissviði hennar svo að hún taki til gestaflutninga og alþjóðlegrar þjónustu með leiguskip¹,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á XIII. og XIV. viðauka og bókun 21 við EES-samninginn,

í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 32. gr. II. kafla í I. hluta falli brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á I. mgr. 21. gr. XIII. kafla í III. hluta:

1. Í stað orðanna „og 11“ komi „11 og 11d“.
2. Í stað orðanna „og (EBC) nr. 4056/86“ komi „(EBC nr. 4056/86 og (EB) nr. 1419/2006“.

3. gr.

1. EFTA-ríkin skulu samþykkja samning þennan, sem er gerður í einu fullgiltu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers þeirra um sig. Samningur þessi skal gerður og fullgiltur á þýsku, íslensku og norsku áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku hans.
2. Samningur þessi skal afhentur til vörlu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.
Skjal um staðfestingu skal afhent til vörlu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum um það.
3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag sem ákvörðun Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2006 frá 8. desember 2006 öðlast gildi eða þann dag sem öll EFTA-ríkin hafa afhent til vörlu skjöl sín um staðfestingu, hvor dagurinn sem er síðar.

¹ Stjtíð. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1.

Nr. 76

7. desember 2022

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel hinn 1. febrúar 2007.

Stefán Haukur Jóhannesson
FYRIR HÖND LÝÐVELDISINS ÍSLANDS

Nikolaus von Liechtenstein
FYRIR HÖND FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Oda Helen Sletnes
FYRIR HÖND KONUNGSRÍKISINS NORREGS

AGREEMENT

**AMENDING PROTOCOL 4 TO THE AGREEMENT BETWEEN THE EFTA STATES
ON THE ESTABLISHMENT
OF A SURVEILLANCE AUTHORITY AND A COURT OF JUSTICE**

THE REPUBLIC OF ICELAND

THE PRINCIPALITY OF LIECHTENSTEIN

THE KINGDOM OF NORWAY

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Council Regulation (EC) No 1419/2006 of 25 September 2006 repealing Regulation (EEC) No 4056/86 laying down detailed rules for the application of Articles 85 and 86 of the Treaty to maritime transport, and amending Regulation (EC) No 1/2003 as regards the extension of its scope to include cabotage and international tramp services¹.

Having regard to Decision No of the EEA Joint Committee No 153/2006 of 8 December 2006 amending Annex XIII, Annex XIV and Protocol 21 to the EEA Agreement,

Whereas, therefore, Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Article 32 of Chapter II of Part I of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be deleted.

Article 2

The following amendments shall be made to paragraph I of Article 21 of Chapter XIII of Part III of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement:

1. The words ‘and 11’ shall be replaced by ‘, 11 and 11d’.
2. The words ‘and (EEC) No 4056/86’ shall be replaced by ‘, (EEC) No 4056/86 and (EC) No 1419/2006’.

Article 3

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements. Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.

2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.

The instrument of acceptance shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.

3. This Agreement shall enter into force on the day Decision the EEA Joint Committee No 153/2006 of 8 December 2006 enters into force or on the day all instruments of acceptance have been deposited by the EFTA States, whichever day is the later.

¹ OJ L 269, 28.9.2006, p. 1.

Nr. 76

7. desember 2022

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 1 February 2007.

Stefán Haukur Jóhannesson
FOR THE REPUBLIC OF ICELAND

Nikolaus von Liechtenstein
FOR THE PRINCIPALITY OF
LIECHTENSTEIN

Oda Helen Sletnes
FOR THE KINGDOM OF NORWAY

C-deild – Útgáfudagur: 18. apríl 2024